

Laugardaginn 13. febrúar 2021 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 17/2020

X

gegn

Y

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 21.4.2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotlegar við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með láta tók gjóta sjötta sinni ásamt því að para hana tvisvar eftir 7 ára aldur. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 6.5.2020 og henni gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærða svaraði efnislega. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum grundvallarreglum HRFÍ.

#### III. Forsendur

Kærndi telur kærðu hafa brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn með því að taka undan tók sinni 6 got ásamt því að hafa í tvígang parað hana eftir 7 ára aldur.

Í reglugerð um ættbókarskráningu kom eftirfarandi fram þegar pörun átti sér stað:

*5. Ef tók er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tókin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við pörun. Einungis er heimilt að taka eitt got frá tók með þessum hætti.*

6. Tík skal að hámarki eiga fimm got um ævina, öll got meðtalin.

IV. Niðurstaða

Kærða telst brotleg bæði við við 5. grein 5. kafla reglugerðar um ættbókarskráningu sem og 6. grein 5. kafla.

Vegna þess hve alvarleg bæði brotin teljast hlýtur kærða alvarlega áminningu fyrir hvort brotanna um sig.

Kærða er því útilokuð frá starfsemi Hundaræktarfélagsins í 6 mánuði.

f.h. siðanefndar

---

Klara Símonardóttir

---

Anna D. Hermannsdóttir

---

Ásta María Karlsdóttir